

# Umbótaáætlun

Ytra mat

Skólaárið 2018 - 2019



Þáttur 1 - Stjórnun og fagleg forysta						
MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Tillögur sveitarfélags og skóla að umbótum	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið?
1.1 Faglegt samstarf og samræða	Gera fundaáætlun fyrir önnina eða árið sem nær til allra starfsmanna	Fundaáætlun gerð fyrir vorönn 2019. Framvegis eru fundaáætlanir gerðar fyrir hverja önn, í ágúst og janúar og sendar á starfsmenn	Aðstoðar-skólastjóri	Ágúst 2019	Ágúst 2019	Metið lokið/ólakið
1.2 Samvirkni í stefnumótun	Huga að því að allir hagsmunaaðilar taki þátt í stefnumótun skólans	Þjóða foreldrum og nemendum tvisvar á skólaárinu á samráðsfund um stefnumótun skólans	Skólastjórn	Sept. 2019	Maí 2020	Samantekt unnin úr fundargerð
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Virkja alla hagsmunaaðila við endurskoðun skólanámskrár	Stofna teymi innan skólans sem stjórnendur og kennarar eru í við gerð skólanámskrár. Þegar skólanámskrá er tilbúin verður hún lögð fyrir skólaráð til umsagnar	Skólastjórn	Ágúst 2019	Nóv. 2019	Metið lokið/ólakið
	Kjóra alla fulltrúa í skólaráð með lýðræðislegum hætti og til tveggja ára í senn.	Skólaráð velur fulltrúa grenndarsamfélags skv. 8. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008. Kosið í skólaráð til tveggja ára í senn samhliða kosningum í nemendaráð	Skólastjóri og umsjónarmenn félagsstarfs	Ágúst 2019	Sept. 2019	Metið lokið/ólakið
	Skólaráð haldi árlega opinn fund með hagsmunaaðilum skólastarfsins sbr. reglugerð þar um	Haldin verður opinn skólaráðsfundur með hagsmunaaðilum einu sinni á skólaári	Skólastjóri	Ágúst 2019	Maí 2020	Fundargerð
	Gera móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstaka þarfi og birta á heimasíðu	Teymi skipað til að setja saman móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir. Móttökuáætlun sett í skólanámskrá og heimasíðu	Skólastjórn	Ágúst 2019	Nóv. 2020	Móttöku-áætlun birt

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Skólaráð setji sér starfsreglur og birti fundargerðir opinberlega	Skólaráð setur sér starfsreglur í byrjun skólaárs, ritar og birtir fundargerðir á heimasíðu skólans	Skólastjóri	Ágúst 2019	Október 2019	Starfsreglur og fundargerðir birtar á heimasíðu skólans
	Gera grein fyrir í skólanámskrá hvernig brugðist er við niðurstöðum skimana og mats	Gerðar verða áætlanir um viðbrögð við niðurstöðum skimana og mats og þær birtar í skólanámskrá	Skólastjóri	Júní 2019	Sept. 2019	Metið lokið/ólókið
	Huga að því að allir hagsmunaaðilar komi að endurskoðun skólareglna	Skólareglur endurskoðaðar með skólaráði	Skólastjóri	Ágúst 2019	Júní 2021	Metið lokið/ólókið
	Tryggja þarf að nemendum sé ljóst hvar þeir eigi fulltrúa og ráðum og nefndum og hvaða áhrif þeir gera haft á skólastarfið	Nemendur í skólaráði kynna hlutverk sín í skólaráði í upphafi skólaárs. Eftir hvern fund í skólaráði skrifa þeir samantekt á efni fundarins og birta á nemendasvæði á heimasíðu	Aðstoðar-skólastjóri	Ágúst 2019	Lifandi verkefni	Metið lokið/ólókið
1.6 Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Huga enn betur að móttöku nýrra starfsmanna	Gerð verður móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn og starfsmannahandbók uppfærð	Skólastjórn	Ágúst 2019	Sept. 2019	Metið lokið/ólókið
	Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti endurgjöf	Hugað verður að því að stjórnendur fari reglulega í kennslustundir og veiti kennurum endurgjöf	Skólastjórn	Ágúst 2019	Júní 2020	Metið lokið/ólókið
	Gera daglega upplýsingagjöf skilvirkari til alls starfsfólks	Skoða notkun á Teams eða Workplace til að nota til upplýsingagjafar fyrir starfsfólk	Skólastjórn	Ágúst 2019	Mái 2020	Starfsmanna-samtöl

Þáttur 2 - Nám og kennsla						
MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Tillögur sveitarfélags og skóla að umbótum	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið
2.1 Inntak og námskrá	Gera grein fyrir námsaðlögun í kennsluáætlunum	Gerð verður grein fyrir námsaðlögun í kennsluáætlunum	Skólastjórn og kennarar	Mái 2019	Sept. 2019	Metið lokið/ólokið
2.2 Árangur náms	Huga að leiðum til bæta námsárangur, sbr. niðurstöður samræmdra könnunarprófa	Unnin verður umbótaáætlun um bættan árangur á samræmdum prófum. Fylgt eftir áherslum í læsisstefnu skólans	Skólastjórn og kennarar	Ágúst 2019	Lifandi verkefni	Niðurstöður samræmdra prófa eru metnar
2.3 Gæði kennslu	Huga að því að auka fjölbreytni í kennsluháttum	Auka samvinnunám og teymiskennslu. Auka leiðsagnarnám og símat í takt nýjar áherslur í námsmati. Auka tækninotkun í kennslu	Skólastjórn og kennarar	Ágúst 2019	Lifandi verkefni	Kennslurýni og samráðsfundir
	Skoða hvernig er hægt að auka þátt faglegs stuðnings innan námsumhverfis bekkjarins	Ráðin hefur verið þroskaþjálfari og lögð verður áhersla á að auka sérkennslu inni í bekkjum. Námsráðgjafi verður með reglulega fræðslu	Skólastjórn	Ágúst 2019	Mái 2020	Starfsmanna-samtöl

	Þjálfa nemendur í að setja sér markmið og nýta þau í náminu	Námsvísar á öllum aldurstigum gerðir aðgengilegir á Mentor. Kennarar fara yfir markmið í upphafi hvers námsþáttar og eiga reglulega samtöl við nemendur um markmiðin	Skólastjórn og kennarar	Ágúst 2019	Júní 2020	Gerð námsvísa: Metið lokið/ólokið. Með jafningjamati, innliti stjórnenda í kennslustundir og samtali við kennarahópa
	Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum námsins	Kennarar gera nemendum betur og oftar grein fyrir markmiðum viðfangsefna í samræmi við aldur og þroska þeirra.	Kennarar	Hafið	Lifandi verkefni	Áfram metið með jafningjaryni. Einnig með innliti stjórnenda í kennslustundir.
2.4 Skipulag náms	Gefa nemendum fjölbreyttari tækifæri til að hafa áhrif á skipulag náms og skólastarfs	Hafa vikulega bekkjarfundi með umsjónakennum. Í hverjum mánuði komi umræðupunktur um skipulag náms og starfs frá stjórnendum fyrir nemendur að ræða og koma með endurgjöf. Stefnt er að því að halda fyrsta nemendaping skólans vorið 2020	Skólastjórn og kennarar	2019	Lifandi verkefni	Endurgjöf frá nemendum yfirfarin
	Fjölga verkefnum þar sem nemendum gefst kostur á að tengja námið sínu áhugasviði	Finna leiðir til að samþætta námsgreinar, auka vægi list og verkgreina og samvinnunáms innan skólans. Auka klúbbastarf í skólanum ásamt tækni og nýsköpun	Skólastjórn	Haust 2019	Lifandi verkefni	Kennslurýni, starfsmannafundir og deildarfundir
	Auka vægi valgreina á unglíngastigi þannig að það samræmist viðmiðum aðalnámskár	Fjölga kennslustundum í valgreinum svo þær nái viðmiðum aðalámskár um 20% kennslustunda á viku	Aðstoðar-skólastjóri og deildarstjóri	Maí 2019	Maí 2019	Metið lokið/ólokið

2.5 Námsvitund	Hafa nemendur með í ráðum við gerð einstaklingsnámskráa þar sem það á við.	Nemendur hafðir með í ráðum þegar einstaklingsáætlanir/námskrár eru unnar, þegar það á við	Deildastjórar og kennarar.	Hafið	Lifandi verkefni	Metið lokið/ólakið
2.6 Ábyrgð og þátttaka	Huga að því að styrkja nemendur varðandi samskipti við aðra nemendur í bæjarfélaginu í tómstundum	Íþrótt- og tómstundafélögum boðið að vera með kynningardag í skólanum að hausti. Efla samstarf við félagsmiðstöðina Fjörheima	Skólastjórn	Haust 2019	Lifandi verkefni	Könnun um tómstundaiðkun nemenda lögð fyrir að vori 2020
	Auka vægi samvinnu, umræðna og skoðanaskipta í kennslustundum	Festa bekkjafundi í stundatöflu einu sinni í viku. Hvetja nemendur til umræðna og skoðanaskipta í kennslustundum	Skólastjórn og kennarar	Haust 2019	Lifandi verkefni	Metið á samskiptadögum og í kennslurýni
	Finna vettvang til að nemendur í skólaráði geti komið upplýsingum um störf sín þar til annarra nemenda	Sjá kafla 1.5: <i>Gæta þess að nemendur sem sitja í skólaráði komi upplýsingum um sín störf þar til annarra nemenda</i>				

Þáttur 3 - Innra mat						
MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Tillögur sveitarfélags og skóla að umbótum	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið
3.1 Skipulag	Skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að í ýmsum þáttum innra starfs	Stefnt er að því að skólinn sé í landsmeðaltali eða ofar hvað varðar námsárangur í samræmdum könnunarprófum og lesferli. Einnig að skólinn sé í landsmeðaltali eða ofar í niðurstöðum Skólapúlsins	Skólastjóri	Ágúst 2019	Júní 2020	Lokið/ólokið
3.2 Framkvæmd	Skipa matsteymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila til að fjalla um skipulag og framkvæmd innra mats og hvernig bregðast á við niðurstöðum	Skipað verður matsteymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila til að fjalla um skipulag og framkvæmd innra mats ásamt því hvernig eigi að bregðast við niðurstöðum	Skólastjórn	Ágúst 2019	Júní 2020	Framkvæmd ááætlun innra mats 2020
	Gera langtímaáætlun (3 – 5 ára) um innra mat	Gerð verður langtímaáætlun um innra mat og birt í skólanámskrá	Skólastjórn	Ágúst 2019	Lifandi verkefni	Langtíma-áætlun birt í skólanámskrá
	Bera umbótaáætlun formlega undir skólaráð	Umbótaáætlun verður borin formlega undir skólaráð á fyrsta fundi að hausti	Skólastjóri	Sept. 2019	Sept. 2019	Metið lokið/ólokið
	Kynna niðurstöður úr innra mati formlega fyrir öllum hagsmunaaðilum	Í viðbót við þær kynningar sem haldnar hafa verið fá foreldrar kynningu á helstu niðurstöðum í upphafi skólaárs. Nemendur fá einnig kynningu á þáttum sem hæfa aldri og þroska	Aðstoðarskólastjóri	Júní 2019	Sept. 2019	Metið lokið/ólokið

3.3 Umbætur	Auka samræður allra hagsmunaaðila um tækifæri til umbóta þegar niðurstöður liggja fyrir	Boðið verður til samráðsfunda með hagsmunaaðilum til þess að ræða tækifæri til umbóta	Aðstoðarskólastjóri	Sept. 2019	Lifandi verkefni	Metið lokið/ólokið
	Setja árlega fram sérstaka umbótaáætlun þar sem koma fram þátttakendur, verkefni, leiðir, ábyrgðaraðilar, tímasetningar og hvenær og hvernig meta á umbætur	Árleg umbótaáætlun sett fram með skýrari hætti en áður hefur verið gert þar sem þátttakendur, verkefni, leiðir, ábyrgðaraðilar, tímasetningar koma fram og hvenær og hvernig meta eigi umbætur	Skólastjóri	Júní 2019	Ágúst 2019	Metið lokið/ólokið



## Þáttur 4 – Nám án aðgreiningar, með áherslu á nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál

MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Tillögur sveitarfélags og skóla að umbótum	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið
4.1 Menning og viðhorf	Huga að því að stefnumótun sem snýr að fjölmenningu sé ákveðin í samráði allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins	Gerð verður stefnumótun sem snýr að fjölmenningu með aðkomu allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins og birt á heimasíðu skólans	Skólastjórn	Sept. 2019	Júní 2020	Metið lokið/ólókið
4.2. Námskrá og áætlanir	Auka aðkomu foreldra og nemenda við gerð einstaklingsnámskráa	Foreldrar og nemendur hafðir með í ráðum þegar einstaklingsáætlanir/námskrár eru unnar, þegar það á við	Skólastjórn og verkefnastjóri sérkennslu	Ágúst 2019	Lifandi verkefni	Vorskýrslur
	Gera móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir	Gerð verður móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir	Aðstoðar-skólastjóri og sérkennari	Ágúst 2019	Nóv. 2019	Metið lokið/ólókið
4.3 Upplýsingar og samskipti	Huga að því að hafa skýra ferla og skilvirkari um upplýsingagjöf til alls starfsfólks við komu nýnema	Huga að því að gera enn betri og skilvirkari ferla um upplýsingagjöf til alls starfsfólks við komu nýnema	Skólastjórn og námsráðgjafi	Sept. 2019	Nóv. 2019	Metið lokið/ólókið
	Gera grein fyrir í móttökuáætlun fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál að þar sé fjallað um gagnkvæma félagslega aðlögun	Áætlun fyrir gagnkvæmri félagslegri aðlögun nemenda með íslensku sem annað tungumál verður birt í móttökuáætlun skólans og kynnt starfsfólki	Skólastjórn og verkefnastjóri ÍSAT	Sept. 2019	Nóv. 2019	Metið lokið/ólókið

4.4. Starfshættir	Veita meiri sértækan, faglegan stuðning inni í bekkjardeildum	Stefnt verður að því að veita meiri sértækan og faglegan stuðning inn í bekkjardeildir, s.s með sérkennslu inni í bekk og aðkomu þroskaþjálfara. Fræðsla og eftirfylgni frá verkefnastjóra ÍSAT	Skólastjórn	Ágúst 2019	Lifandi verkefni	Kennslurýni og starfsmanna-samtöl
	Leggja áherslu á samvinnu og samstarf í námi nemenda	Lögð verður meiri áhersla á samvinnunám og fjölmenningslega kennsluhætti í öllum bekkjardeildum. Efling á samþættingu námsgreina með fjölmenningu að leiðarljósi	Skólastjórn	Ágúst 2019	Lifandi verkefni	Kennslurýni, starfsmanna-samtöl og bekkjarfundir nemenda